

Öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefna

Landsvirkjun er í fararbroddi á sviði öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmála. Stefna Landsvirkjunar í málaflokknum er slysalaus starfsemi og vellíðan á vinnustað. Sannfæring um að öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmál eru forgangsmál er eitt af því sem gerir Landsvirkjun að eftirsóttum vinnustað.

Stefnumið

- Slysalaus starfsemi.
- Aðbúnaður á vinnustað miðar að því að viðhalda góðri heilsu og vellíðan starfsmanna.
- Starfsmönnum er tryggð nauðsynleg þjálfun í öryggismálum og vinnuvernd.
- Áhætta er metin í allri starfseminni.
- Ábyrgð stjórnenda er skýr og starfsmenn vita að öryggi þeirra hefur ávallt forgang.
- Unnið er að stöðugum umbótum í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum.
- Lagalegar kröfur í öryggismálum eru lágmarksviðmið og strangari kröfur eru gerðar eftir því sem við á.

Leiðir

Til að uppfylla stefnumiðin:

- Landsvirkjun er með vottað öryggisstjórnunarkerfi samkvæmt kröfum OHSAS 18001 staðalsins.
- Öryggisstjórnunarkerfið og öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefnan eru rýnd árlega og starfsmenn og aðrir hagsmunaaðilar eru upplýstir um þá stefnu sem í gildi er á hverjum tíma.
- Atvik sem snerta öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmál eru skráð og unnið úr þeim í forvarnarskyni.
- Öryggisnefnd er starfandi til að sinna öryggismálum og Neyðarstjórn stýrir viðbrögðum við stærri vá.
- Áætlanir um viðbrögð við vá eru tiltækar og æft er samkvæmt viðbragðsáætlunum.